



Skoðun gæðastjórnunarkerfa hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara

1 Markmið og umfang

Markmið verklagsreglunnar er að tryggja að gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara fullnægi ætíð kröfum Mannvirkjastofnunar og jafnframt að samræmi sé í framkvæmd við skoðun skoðunarstofa á gæðastjórnunarkerfunum.

Verklagsregla þessi gildir um allar skoðanir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara sem kveðið er á um í byggingarreglugerð og framkvæmdar eru af skoðunarstofum vegna úttektar og samþykktar Mannvirkjastofnunar á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Tilgangur skoðunar á gæðastjórnunarkerfi er að kanna:

- Hvort nýtt gæðastjórnunarkerfi sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Hvort gæðastjórnunarkerfi í rekstri sé í virkni hvað varðar fyrirmæli, skjalavistun, verkskráningu og eftirlit með eigi verkum í samræmi við lög og reglugerðir.

2 Ábyrgð

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3 Almennt

Eftir 1. janúar 2015 skulu hönnuðir og hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafa innleitt gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð. Þessir aðilar skulu tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn Mannvirkjastofnunar, sbr. 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 24. gr. og 7. mgr. 32. gr laga um mannvirki.

Hafi hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna sbr. 5. mgr. 17. gr. laga um mannvirki. Úttekt Mannvirkjastofnunar felst í að fara yfir niðurstöðu skoðunar faggiltrar skoðunarstofu sem stofnunin hefur samþykkt að megi annast framangreindar skoðanir í samræmi við verklagsreglu þessa.

Skráning gæðastjórnunarkerfa í gagnasafn Mannvirkjastofnunar og öll stjórnsýsla sem lýtur að skoðun gæðastjórnunarkerfanna er á hendi Mannvirkjastofnunar.

Um kröfur til skoðunarstofu gildir verklagsregla Mannvirkjastofnunar nr. 4.026 *Kröfur til skoðunarstofa sem skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.*



4 Umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis

Eigandi að nýju gæðastjórnunarkerfi óskar eftir skráningu kerfis hjá Mannvirkjastofnun þegar hann telur kerfið fullnægja kröfum laga um mannvirki, byggingarreglugerðar og viðeigandi leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um gæðastjórnunarkerfi. Sótt er um skráningu gæðastjórnunarkerfa á umsóknareyðublöðum Mannvirkjastofnunar nr. 4.012 og 4.022.

Þegar umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis hefur verið tekin til meðferðar af Mannvirkjastofnun getur eigandi gæðastjórnunarkerfisins sótt um skoðun þess hjá skoðunarstofu sem Mannvirkjastofnun hefur samþykkt að megi annast þessar skoðanir sbr. verklagsregla Mannvirkjastofnunar nr. 4.026 *Kröfur til skoðunarstofa sem skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.*

Listi yfir samþykktar skoðunarstofur er birtur á heimasíðu stofnunarinnar.

Standist gæðastjórnunarkerfið skoðunina (skjalaskoðun) mun Mannvirkjastofnun skrá það í gagnasafn stofnunarinnar með fyrirvara um virkniskoðun.

Innan 12 mánaða frá skjalaskoðun skal fara fram skoðun á virkni gæðastjórnunarkerfisins. Standist kerfið skoðunina fer fram fullnaðarskráning þess.

Hægt er að sækja um skjala- og virkniskoðun samtímis fyrir gæðastjórnunarkerfi í notkun.

Hafi hönnuður og hönnunarstjóri, byggingarstjóri eða iðnmeistari fengið vottun faggiltrar vottunarstofu á sínu gæðastjórnunarkerfi, sem Mannvirkjastofnun telur að minnsta kosti jafngilda þeim kröfum sem fram koma í byggingarreglugerð, er þeim heimilt að framvísa þeirri vottun til Mannvirkjastofnunar og fá hana skráða í gagnasafn stofnunarinnar. Hér er til dæmis átt við gæðastjórnunarkerfi sem hafa fengið vottun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðalinum.

5 Framkvæmd skoðana

Heimild til að framkvæma skoðun

Þeir einir hafa heimild til að framkvæma skoðun á gæðastjórnunarkerfum hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara, sem uppfylla ákvæði í verklagsreglu Mannvirkjastofnunar nr. 4.026 *Kröfur til skoðunarstofa sem skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.*

Hlutverk skoðunarmanns

Hlutverk skoðunarmanns við framkvæmd skoðunar er að kanna hvort gæðastjórnunarkerfi uppfylli viðeigandi ákvæði laga og reglugerða sbr. nánari ákvæði skoðunarhandbókar gæðastjórnunarkerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara nr. 4.001.

Almennt um skoðun

Skoðun skiptist í tvo megin flokka. Skoðun á nýjum gæðastjórnunarkerfum (skjalaskoðun) og skoðun á gæðastjórnunarkerfum í rekstri (virkniskoðun) í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og lög um mannvirki.



Skoðun á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara er fólgin í skoðun á verkskráningu, skjalavistun og úttektum á eigin verkum.

Gögn við skoðun

Við skoðun á gæðastjórnunarkerfi skal skoðunarmaður hafa aðgang að öllum gögnum kerfisins.

Viðstaddir skoðun

Við skjalaskoðun gæðastjórnunarkerfis er ekki nauðsynlegt að ábyrgðarmaður kerfis sé viðstaddur. Viðstaddur virkniskoðun gæðastjórnunarkerfis skal auk skoðunarmanns vera sá aðili sem skráður er ábyrgðarmaður kerfis eða fulltrúi hans.

Skoðunarskýrsla

Skoðunarmaður skal við hverja skoðun starfa í samræmi við skoðunarhandbók nr. 4.001. Skoðunarmaður skal að skoðun lokinni afhenda eiganda gæðastjórnunarkerfis útfyllta skoðunarskýrslu, sbr. eyðublað 4.009. Þetta á við skoðun nýrra gæðastjórnunarkerfa (skjalaskoðun) sem og skoðun kerfa í notkun (virkniskoðun).

Ágreiningur um skoðunarhandbók og tilhögun eftirlits

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og um tilhögun eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Mannvirkjastofnunar.

6 Vægi athugasemda vegna skoðunar gæðastjórnunarkerfa

Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar þurfa að kunna skil á hvaða vægi hinar ýmsu athugasemdir sem gerðar eru við úttektir á gæðastjórnunarkerfum þeirra hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

Flokkun athugasemda er sem hér segir:

1. flokkur:

Gefa skal ábendingu um galla ef gæðastjórnunarkerfi er áfátt en þó ekki á því stigi að þær falli undir 2. og 3. flokk.

2. flokkur:

Gæðastjórnunarkerfi er ekki samkvæmt settum reglum en ágallar þó ekki verulegir.

3. flokkur:

Verulegir ágallar eru á gæðastjórnunarkerfi. Ekki er hægt að skrá nýtt gæðastjórnunarkerfi sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. flokkur:

Eingöngu er um ábendingar að ræða. Almennt ekki eftirfylgni með ábendingu um lagfæringar innan ákveðinna tímamarka.



2. flokkur:

Almennt er gefinn allt að tólf mánaða frestur til lagfæringa athugasemda í 2. flokki í nýjum gæðastjórnunarkerfum en í gæðastjórnunarkerfum aðila sem þegar eru í rekstri eru lagfæringar á athugasemdum án tímamarka.

3. flokkur:

Tafarlausra aðgerða er krafist vegna athugasemda í 3. flokki á gæðastjórnunarkerfi í rekstri sé þess kostur en almennt er ekki gefinn lengri frestur en 1 mánuður. Ekki er hægt að skrá gæðastjórnunarkerfi sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Tilvísanir

www.mvs.is

Leiðbeiningar um gæðastjórnunarkerfi í byggingarreglugerð

Skoðunarhandbók 4.001

Skoðunareyðublað 4.002, 4.003, 4.004

Athugasemdalisti vegna skoðana á gæðastjórnunarkerfum 4.005

Skoðunarskýrsla 4.009

VLR 4.026

Umsóknareyðublað nr. 4.012

Umsóknareyðublað nr. 4.022